

Hverfisráð Hríseyjar

71. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein miðvikudaginn 25. september 2013 klukkan 16:00. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson. Auk þeirra mættu: Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar, Þóroddur Bjarnason frá Byggðastofun, Þorvaldur Lúðvík Atvinnuþróunarfélaginu, Linda María Ásgeirsdóttir Ferðamálafélagi Hríseyjar, Júlíus Freyr Theodórsson og Þröstur Jóhannsson.

Dagskrá:

1. Niðurstöður skoðunarkönnunnar um Hrísey kynnt.
2. Málþing um framtíð Hríseyjar.
Niðurstöður á fundinum liggja ekki fyrir ennþá. Við erum mjög ánægð með hversu frábær þátttaka var. Góðar umræður sköpuðust og jákvætt hvað margir vildu taka þátt og sýna áhuga því sem er í gangi. Erum að lista upp þau atriði sem komu fram og þau verða sett í flokka, hvað er hægt að fara strax í, hvað þarf að þróa o.s.frv.
3. Úthlutun viðbótarafleimilda.
Lýsum yfir vonbrigðum með að hafa ekki verið í þeim hópi sem fékk viðbótarkvóta úthlutaðan. Hrísey er ekki í bráðum vanda, vinnsla sem er stöðug. Stendur betur en mörg sambærileg samfélög. Hrísey er á jaðrinum á öflugum atvinnusvæði.
4. Viðskiptaráð:
Starfsmaður sem er tengin við atvinnulífið og pólutíkina. Verkefnastjóri til að halda hugmyndinni og málefnum málþingsins áfram.
5. Starfsemi sundlaugarinnar:
Við lýsum yfir áhyggjum af rekstri sundlaugarinnar. Opnunin hentar ekki íbúum. Við höfum ekki tök á því að nýta húsið þegar það er opið. Sundlaugin er ómarkaðsett og nýtist ekki sem skildi.
6. Þróun byggðar í Hrísey og atvinnumál í eyjunni.
Íbúaskrá fyrir Hrísey er brothætt. Lögheimili gefa ekki rétta mynd af búsetu fólks í eyjunni. Lögheimili hafa um 180 manns en þeir sem raunverulega búa í eyjunni eru um 130. Ýmsar umræður.
7. Önnur mál og umræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00 .

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur